



## **Samþykkt Samiðnar um keðjuábyrgð verkkaupa og aðalverktaka**

Miðstjórn Samiðnar lýsir miklum vonbrigðum með hvað hægt gengur að innleiða keðjuábyrgð aðalverktaka og verkkaupa í tengslum við verklegar framkvæmdir.

Allt frá kjarasamningunum 2011 hefur Samiðn lagt áherslu á að sett verði skýr ákvæði um að aðalverktakar og verkkaupi beri ábyrgð á að starfsmenn undirverktaka njóti allra þeirra réttinda sem tryggð eru í íslenskum kjarasamningum og lögum.

Hvorki löggjafinn eða samtök atvinnurekenda hafa sýnt vilja til að verða við þessari kröfu þrátt fyrir að mörg dæmi séu að um að brotið sé á starfsmönnum erlendra undirverktaka sem starfa hér á landi á vegum íslenskra verktaka.

Samiðn skorar á nýtt Alþingi að gera það að sínum fyrstu verkum að tryggja skýra löggjöf um keðjuábyrgð aðalverktaka og verkkaupa gagnvart starfsmönnum undirverktaka.

Mikilvægt er að slík löggjöf taki bæði til verkefna á almenna og opinbera vinnumarkaðarins.

Samiðn fagnar framtaki Landsvirkjunar, Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborgar um að setja inn ákvæði um keðjuábyrgð í sína útboðsskilmála og hvetur ríki og önnur sveitarfélög til að gera það sama.

Reykjavík, 14. nóvember 2016